



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

24|02  
25|02  
26|02

# Vínar- tónleikar

2022



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

**Píanóleikur í framhúsi fyrir tónleika og í hléi:**

Davíð Þór Jónsson

---

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjeldsted.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og sendir út á Rás 1 sunnudaginn 6. mars kl. 16:05.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA  
Eignastýring

24|02

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

25|02

FÖSTUDAGUR  
KL. 19:30

26|02

LAUGARDAGUR  
KL. 16:00&  
KL. 19:30

GRÆNA RÖÐIN

# Vínartónleikar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Kornilios Michailidis

hljómsveitarstjóri

### Herdís Anna Jónasdóttir

einsöngvari

### Gissur Páll Gissurarson

einsöngvari

### Dansarar

Porkell Jónsson

Denise Margrét Yaghi

Gylfi Már Hrafnsson

María Tinna Hauksdóttir

## Efnisskrá

Johann Strauss yngri

### Die Fledermaus (Leðurblakan)

forleikur

### Frühlingsstimmen

vals

Rudolf Siczzyński

### Wien du Stadt meiner Träume

vínarljóð

Johann Strauss yngri

### Tik-Tak, polki op. 365

Carl Zeller

### Schenkt man sich Rosen in Tirol

dúett úr óperettunni Der Vogelhändler

Johann Strauss yngri

### Kaiserwalzer (Keisaravalsinn)

## Hlé

Hans Chr. Lumbye

### Champagnegaloppen

hraður polki

Emmerich Kálmán

### Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir

aría úr óperettunni Das Veilchen von Montmartre

Johann Strauss yngri

### Mein Herr Marquis

aría úr óperettunni Die Fledermaus

Ellen Sandels

### Moët & Chandon

vals

Johann Strauss yngri

### Wer uns getraut

dúett úr óperettunni Der Zigeunerbaron

Johann Strauss yngri

### An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# Kornilios Michailidis

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómssveitarstjórinn Kornilios Michailidis er staðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands starfsárið 2021–22.

Kornilios stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraprófi í hljómssveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómssveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmoníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómssveita, þar á meðal Sinfóníuhljómssveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómssveitinni og hljómssveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað *Töfraflautu* Mozarts við Teatro Real í Madrid sem og *Falstaff* eftir Verdi og *La Clemenza di Tito* eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni *Only the Sound Remains* eftir Kaiju Saariaho.

Eftir sigur í Alþjóðlegu píanókeppninni í Mayenne í Frakklandi ferðaðist Kornilios Michailidis um Evrópu, Ísrael og Bandaríkin og hélt einleikstónleika þar sem hann lék annars vegar þrjár síðustu sönötur Beethovens og hins vegar efnisskrá tileinkaða verkum Skrjabíns. Þá lék hann á tónleikum með fíðluleikaranum Sergej Krylov og fyrsta píanókoncert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómssveitinni í Aþenu.

Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.

Á tónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands fyrir rétttri viku stóð Kornilios Michailidis á stjórnendapallinum eftir að hafa hlaupið í skarðið með stuttum fyrirvara vegna forfalla aðalhljómssveitarstjórans Evu Ollikainen. Fyrr í mánuðinum stjórnaði hann einnig hljómssveitinni á hádegistónleikum í Eldborg þar sem verk eftir Mozart og Beethoven voru á efnisskránni. Nú bregður hann undir sig betri fætinum og stjórnar Vínartónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands í fyrsta sinn.



# Herdís Anna Jónasdóttir

## EINSÖNGVARI

Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði. Hún fór í framhaldsnám í söng við Listaháskóla Íslands og Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Lauk hún prófi þaðan árið 2012 með ágætiseinkunn og var síðan ráðin að óperustúdíóinu við Óperuhúsið í Zürich í Sviss þar sem hún vann til að mynda með Fabio Luisi og Brigitte Fassbaender. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands í Þýskalandi en er nú sjálfstætt starfandi og býr þar í landi. Herdís hefur tekið þátt í óperuuppfærslum í Þýskalandi, á Íslandi og í Sviss.

Meðal helstu hlutverka hennar eru Violetta í *La traviata*, Adina í *Ástardrykknum*, Despina í *Così fan tutte*, Zerlina í *Don Giovanni*, Oscar í *Grímudansleiknum* og Musetta í *La bohème*. Herdís hefur komið fram á tónleikum með Kammersveit Reykjavíkur, Ríkishljómsveit Saarlands, Sinfóníuhljómsveit Færeyja, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra.

Árið 2012 söng Herdís hlutverk Musettu í uppfærslu Íslensku óperunnar á *La bohème* og árið 2019 söng hún þar hlutverk Violettu í *La traviata* og uppskar Grímuverðlaunin sem söngvari ársins fyrir frammistöðu sína. Á ferli sínum hefur Herdís öðlast mikla reynslu í flutningi á margs konar tónlist, jafnt ljóðasöng sem óperu, kirkjutónlist og belcanto, söngleikjum og samtímatónlist.

Herdís hefur áður komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tók hún meðal annars þátt í frumflutningi verksins *The Colours of Jellyfish* eftir Frank Denyer á Tectonics hátíðinni árið 2012 og í apríl síðastliðnum söng hún einsöngshlutverkið í 4. sinfóníu Mahlers.



# Gissur Páll Gissurarson

## EINSÖNGVARI

Gissur Páll Gissurarson, tenór, á langan feril að baki en aðeins ellefu ára þreytti hann frumraun sína í titilhlutverkinu í *Oliver Twist*. Árið 2001 hóf hann nám við Conservatorio G.B Martini í Bologna.

Fyrsta óperuhlutverk Gissurar á Ítalíu var Ruiz í óperunni *IL Trovatore* í Ravenna. Árið 2004 tók hann þátt í uppfærslu á *Così fan tutte*, undir stjórn Claudios Abbado í Ferrara, Reggio Emilia og Modena. Gissur Páll hefur m.a. sungið hlutverk Danilos í *Kátu ekkjunn*, hlutverk Nemorinos í *Ástardrykknum* og Almaviva í *Rakaranum í Sevilla*. Hann hefur einnig sungið í uppfærslum á Werther eftir Massenet og *Les Mammelles de Tiresias* eftir Poulenc svo fátt eitt sé nefnt.

Árið 2006 tók Gissur Páll þátt í tveimur alþjóðlegum söngvareppnum á Ítalíu og vann til verðlauna í þeim báðum. Í desember 2010 kom út fyrsta sólóplata hans, *Ideale*, sem hefur verið mjög vel tekið. Árið 2014 hljóðritaði Gissur tólf þekktar ítalskar óperuaríur með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Petris Sakari.

Gissur Páll söng hlutverk Rodolfo í uppsetningu Íslensku óperunnar á *La Bohème* vorið 2012 og var í kjölfarið tilnefndur til *Grimunnar* sem söngvari ársins. Sama ár hlaut hann íslensku tónlistarverðlaunin sem klassíski söngvari ársins.

Á síðastliðnum árum hefur Gissur Páll komið fram í *Ástardrykk* Donizettis sem settur var upp í Rotterdam í Hollandi, tónleikum í Westfalen í Þýskalandi og tónleikaröð í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Þá söng hann á óperuhátíð í Eistlandi sem og á fjölmörgum tónleikum og í öðrum verkefnum hér heima á Íslandi.



Johanns Strauss yngri

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að Leðurblökunni í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950. Má ætla að heildarfjöldi flutninga sé sé farið að nálgast hundraðið þegar árlegur, margendurtekinn flutningur Vínartónleika síðan 1981 er tekinn með í reikninginn. Á Þjóðhátíðardaginn 17. júní 1952 var Leðurblakan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í júlum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan sýndi Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

# Vínartónlistin í ár

Vínartónleikar hafa verið árlegur viðburður í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að **Leðurblökunni**, óperettu Johanns Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listlega saman settur enda er **Die Fledermaus** eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg í kringum áramót. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Vals hans **Frühlingsstimmen** (Raddir vorsins) var sömuleiðis frumfluttur í Theater an der Wien. Það var kóloratúrsöngkonan Bertha Schwarz (listamannsnavn Bianca Bianchi) sem söng, en tilefnið var góðgerðarsamkoma til styrktar fátækum. Textann samdi Richard Genée og fjallar hann á rómantískan hátt um vorkomuna, söng lævirkjans og næturgalans, hlýja golu, sæta drauma og ástarþrá. Prímadonna kvöldsins, Herdís Anna Jónasdóttir, stígur á svið og syngur þennan vorbjarta vals.

Rudolf Siczynski (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann samdi allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, **Wien, du Stadt meiner Träume** (Vín, borg drauma minna) op. 1 frá árinu 1914. Gissur Páll og Sinfóníuhljómsveitin sameinast í flutningi á þessum fagra óði til hinar fornu tónlistarborgar við Dóná.

Af hartnær 500 verkum Johanns Strauss yngri eru hátt á annað hundrað polkar. Helstu gerðir þeirra eru polka française sem er hægur, polka schnell, hraður polki og polka mazurka sem er í þrískiptum takti og frekar rólegur. **Tik-Tak**-polkann byggir Strauss á nokkrum stefjum úr Leðurblökunni og sækir hann aðalstefið og titilinn í klukkudúettinn milli aðalpersónanna, Rósalindu og Eisensteins úr 2. þætti óperettunnar.

Carl Zeller (1842–1898) samdi nokkrar óperettur og önnur verk en óperettan *Der Vogelhändler*, sem var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1891, hefur ein og sér haldið nafni hans á lofti. *Fuglasalinn* er gamansamur söngleikur sem gerist í Rínarlöndum á 18. öld. Aðalpersónurnar eru myndarlegi fuglasalinn Adam frá Tíról í Austurríki og póstafrgreiðslumærin Christel. Í laginu **Schenkt man sich Rosen in Tirol** syngja þau um ást sína og táknræna þýðingu rauðu rósanna.





Carl Zeller

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Fuglasalinn hefur aldrei verið sett upp í heild sinni á Íslandi en atriði úr verkinu hafa ratað inn á ýmsar samkomur í gegnum tíðina. Í Morgunblaðinu 15. janúar 1961 gaf að líta eftirfarandi auglýsingu: Skemmtifundur kvennadeildar Slysavarnarfélagsins í Reykjavík verður mánudaginn 16. jan. kl. 8,30 í Sjálfstæðishúsinu. — Þar skemmta frúmar: Emelía Jónasdóttir og Áróra Halldórsdóttir. Kvinnakórinn syngur undir stjórn Herberts Hriberschek. — Óperettan Fuglasalinn eftir Karlzellir. Einsöngvarar: Frú Snæbjörg Snæbjarnardóttir og Vincenzo Maria Demetz. Við hljóðfærið Skúli Halldórsson.  
Dans — Fjölmennið  
Stjórnin

Johann Strauss yngri samdi **Kaiserwalzer** op. 437 árið 1888. Var hann saminn í tilefni heimsóknar Franz Josephs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand (Hönd í hönd)* en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Kaiserwalzer* sem var diplómatiskt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna. Valsasyrpan er líka vissulega tignarleg og með því fegursta sem draup úr fjöður valsakónsins.

Danska tónskáldið Hans Christian Lumbye (1810–1874) hefur oft verið nefndur Strauss norðursins. Nítján ára gamall heyrði hann vals eftir Strauss leikinn í fyrsta sinn og samdi uppfrá því ógrynni verka í anda valsakónsins. Lumbye var um árabíl tónlistarstjóri Tívolísins í Kaupmannahöfn og feikivinsæll heimafyrir. **Champagnegaloppen** eða *Kampavínsstökkið* er eitt af hans allra þekktustu verkum.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar. Eftir hann liggja 40 óperettur. *Das Veilchen von Montmartre* (Fjólán frá Montmartre) var frumsýnd í Johann Strauss leikhúsinu í Vín árið 1930. Óperettan gerist á síðari hluta nítjándu aldar og fjallar um þrjá fátæka vini sem búa í Montmartre-hverfinu í París. Málarinn Raoul verður ástfanginn af götusöngkonunni Víolettu sem síðar reynist vera dóttir aðalskonu. Í aríunni **Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir** (Í nótt dreymdi mig þig) játar Raoul Víolettu ást sína. Margir tónleikagestir munu kannast við meginstef þessa lags sem Óðinn Valdimarsson gerði frægt fyrir rúmlega hálfri öld sem „Ferðalok“ eða „Ég er kominn heim“.

Í næsta atriði erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti *Leðurblökunnar*. Hér eru allmargir gestir á fölskum forsendum og fela sig á bakvið grímur og tilbúin nöfn. Aðalsöguhetjan, Gabriel von Eisenstein hafði verið til dæmdur til 8 daga fangelsisvistar fyrir að móðga opinberan starfsmann og þóttist ætla að byrja refsivistina þennan dag en frestaði því aðeins til að komast á ballið. Hann er nú sem Renard markgreifi kynntur fyrir Adele, þjónustustúlku sinni sem klædd er í kjól húsmóður sinnar, eiginkonu Eisenstein, og læst vera söngkona. Kjólinn hafði hún tekið ófrjálsri hendi og skrökvað upp hjartnæmri sögu til að sleppa úr vistinni og komast í gleðskapinn. Eisenstein byrjar strax að daðra við „söngkonuna“ sem svarar fyrir sig og gerir óspart grín að húsbónda sínum í aríunni **Mein Herr Marquis**.





Ellen Sandels

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Sígaunabaráóninn eftir Johann Strauss var frumflutt á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 25. maí 1961 og sýnd fyrir fullu húsi út leikárið. Hljómsveitarstjóri var Bodhan Wodiczko en með aðalhlutverkin, Saffí og Sígaunabaráóninn (Barinkay) fóru Christine von Widmann og Guðmundur Guðjónsson. Íslenska óperan valdi síðan verkið til sýningar við vígslu Gamla bíós sem óperuhúss í ársbyrjun 1982. Var Sígaunabaráóninn sýndur fyrir fullu húsi fram á sumar og sáu óperettuna ríflega 23000 gestir á 49 sýningum. Þrjár hljómsveitarstjórar komu að sýningunni - þeir Alexander Maschat, Robin Stapleton og Páll P. Pálsson en með aðalhlutverkin fóru Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Garðar Cortes. Verkið hefur síðan verið flutt í smækkaðri útgáfu hérlandis - meðal annars í Borgarnesi í tilefni 40 ára afmælis Tónlistarskóla Borgarfjarðar vorið 2008.

Sænska tónskáldið Ellen Sandels (fædd Karlström) (1859–1931) fæddist í bænum Lövåsa í Vesturgautlandi. Hún nam söng á unglingsárunum og þótti efnileg en níttján ára gömul gekk hún í hjónaband og bjó næstu árin með manni sínum í Stokkhólmi, Düsseldorf og síðar í Gautaborg. Var hún orðin 38 ára gömul og fjögurra barna móðir þegar hún gaf sér loks tíma til tónsmíða. Samdi hún á ferlinum nokkur sönglög og um 70 píanólög. Helmingur þeirra samanstendur af völsum og svoköll-uðum Boston-völsum sem eru hægari útgáfa af Vínarvalsinum. Hin verkin eru marsar, polkar og önnur danstónlist. Mörg verka hennar voru útsett fyrir hljómsveit og flutt víða bæði heima og á meginlandinu, einkum í danssölum þar sem þau nutu mikilla vinsælda. Árið 1901 stofnaði hún útgáfufélag í Stokkhólmi og gaf út „Damernas musikblad“ sem gefið var út tvisvar sinnum í mánuði í samfellt tólf ár. Í blaðinu gaf að finna píanólög og sönglög auk fróðleiks um tónlist, tónlistarmenn, nýútkomin verk og fréttir af tónlistarlífnum, einkum í Stokkhólmi og Gautaborg. Valsinn **Moët & Chandon** kallast á við kampavínspolka Lumbyes nema hér tíundar tónskáldið einn virtasta dropa Kampavínshéraðsins.

Óperettan Sígaunabaráóninn var frumflutt í Theater an der Wien í október 1885. Hún gerist í Ungverjalandi og Vínarborg og fjallar um samskipti sígauna við svínabónða nokkurn og hans fólk, ástir þeirra og örlög. Aðalpersónur óperettunnar Sándor Barinkay og sígaunastúlkan Saffí eru ákaflega ástfangin og í dúettinum **Wer uns getraut** í 2. þætti óperettunnar syngja þau um ímynd að hjónaband sitt. Síðar ljóstrar sígaunakerlingin Czippa því upp að Saffí sé ekki dóttir sín heldur göfug aðalsmæ. Barinkay telur sig hennar ekki verður og fer sem sjálfbóðaliði í ríkjandi stríð. Í þriðja þætti er friður kominn á og hermennirnir snúa heim. Gleði ríkir og elskendurnir ná saman. Þessi gamanópera Johanns Strauss náði strax miklum vinsældum og er á eftir Leðurblökunni hans vinsælasta sviðsverk.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan **An der schönen blauen Donau** eða **Dónárvalsinn** sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karla-kór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um langt skeið. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur  
[www.slippbarinn.is](http://www.slippbarinn.is)



Himnesk matarupplifun  
[www.konsulatdiningroom.is](http://www.konsulatdiningroom.is)



Notalegt, ferskt og fallett  
[www.satt.is](http://www.satt.is)



Fáguð matargerðarlist  
[www.vox.is](http://www.vox.is)



Litríkur, fjörugur og sérvitur  
[www.geirismart.is](http://www.geirismart.is)



# Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X  
RESTAURANT

GEIRI  
SMART  
RESTAURANT

satt

KONSÚLAT  
DINING ROOM

SLIPPBARINN

24|02 25|02 26|02  
2022

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Vera Panitch, konsertmeistari  
Una Sveinbjarnardóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laura Liu  
Lin Wei  
Andrzej Kleina  
Pétur Björnsson  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Júlíana Elín Kjartansdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Greta Guðnadóttir

## Víóla

Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Úlfhildur Þorsteinsdóttir  
Margrét Theódóra Hjaltested

## Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir

## Bassi

Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Martial Nardeau  
Sólveig Magnúsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Eydís Lára Franzdóttir

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## Fagott

Louisa Slosar  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Abel Pérez Armas  
Rakel Björt Helgadóttir

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi  
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi  
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri  
Dániel Bjarnason listamaður í samstarfi  
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld  
Víkingur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi

Valdís Þorkelsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri  
Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Inga María Leifsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi  
Svanhvit Hrólfisdóttir fjármálastjóri  
Kristbjörg Clausen nótnavörður  
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað umsjónarmaður nótna  
Sigbór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfsdóttir sviðsmaður



*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



**KVÍKA**

*Eignastýring*